

**Svar þjónustumiðstöðvar Breiðholts dags. 9. september 2020 við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokks um fyrirkomulag verkefnisins Frístundir í Breiðholti – þriggja ára tilraunaverkefni (2020-2023).**

Svar við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í íbúaráði Breiðholts vegna fyrirkomulags tilraunaverkefnis í Breiðholti á fundi ráðsins 7. september 2020.

Fjármunum sem veitt verður til verkefnisins „Frístundir í Breiðholti“ verður ekki skipt sérstaklega milli íþrótta- og frístundaáðila og ákveðin lágmarksupphæð ekki eyrnamerkt íþróttafélögum sérstaklega. Fjármunir munu fylgja þátttakendum og renna til þeirra íþrótta- og frístundaðila sem þjónusta þá. Síðan verður fjármunum veitt til verkefna sem allir íþrótta- og frístundaðilar í hverfinu munu njóta góðs af s.s. til kynningar á víðtækum grunni, frístundarútu og styrktarsjóðs til eflingar íþrótta og frístundaþátttöku. Verkefninu er sérstaklega ætlað fyrir börn og unglinga sem ekki eru iðkendur í íþrótta- og frístundastarfi í dag sama hvar þau búa í Breiðholti.

Góð kveðja/Best greetings

*Óskar Dýrmundur Ólafsson*

Hverfisstjóri Breiðholts/District manager

Framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Breiðholts